

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið fyrir viðkomandi kjördæmi, áður en birt hefir verið framboð manns þess, sem býður sig fram í stað þess, er lézt, ekki koma til greina við talning atkvæða og úrslit kosninga. Hinsvegar skal kjósendum, er greitt hafa utankjörstaðaratkvæði fyrir ofangreindan tíma, heimilt að kjósa á ný við utankjörstaðarkosningu, eftir því, sem tími vinnst til.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnnum landsins tilkynningu um það. Miðast endurupptaka utankjörstaðarkosningarinnar við þessa birtingu.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda eftir því, sem við á við kosningar samkvæmt 135. grein kosningarlaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Dómsmálaráðherra hefir tjáð Oss, að einn af frambjóðendum til Alþingis við kosningar þær, sem fram eiga að fara hinn 20. þessa mánaðar, hafi látist hinn 8. þessa mánaðar. Nú sé í 32. gr. kosningalaganna, sbr. 135. gr., heimild til að bjóða fram mann í stað hins látna, en hins vegar vanti í kosningalögin ákvæði um, hvernig fara skuli með utankjörstaðaratkvæði, sem greidd hafa verið áður en hinn nýi frambjóðandi kemur til sögunnar; svo bresti og heimild til að endurtaka utankjörstaðarkosninguna vegna hins breytta ástands.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið fyrir viðkomandi kjördæmi, áður en birt hefir verið framboð manns þess, sem býður sig fram í stað þess, er lézt, ekki koma til greina við talning atkvæða og úrslit kosninga. Hinsvegar skal kjósendum, er greitt hafa utankjörstaðaratkvæði fyrir ofangreindan tíma, heimilt að kjósa á ný við utankjörstaðarkosningu, eftir því, sem tími vinnst til.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnnum landsins tilkynningu um það. Miðast endurupptaka utankjörstaðarkosningarinnar við þessa birtingu.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda eftir því, sem við á við kosningar samkvæmt 135. grein kosningalaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skagen, 10. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.